



Alþingi

Eriundi nr. Þ 116 / 115

13. október 1992

komudagur 13 / 10 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Alþingi.

Ráðuneytið vísar til fundar í efnahags- og viðskiptanefnd 7. þ.m. Í framhaldi af þeim umræðum sem þar urðu er lagt til að frumvarpi til laga um gjaldeyrismál (5. mál) verði breytt.

**8. gr. og ákvæði til bráðabirgða II.**

Bent hefur verið á að bráðabirgðaákvæði II standist ekki þar sem viðskiptabankar og sparisjóðir hafa almennar heimildir í lögum um viðskiptabanka og lögum um sparisjóði til að stunda gjaldeyrisviðskipti innan þeirra marka sem Seðlabankinn ákveður. Því sé ekki um það að ræða að "núgildandi leyfi" þessara stofnana falli úr gildi. Hér er um réttmæta ábendingu að ræða. Því er lagt til að bráðabirgðaákvæði II falli brott. Þar sem gert hefur verið ráð fyrir því að í leyfunum komi fram ákveðin skilyrði gagnvart viðkomandi stofnun þykir ráðuneytinu rétt að 8. gr. um heimildir til gjaldeyrisviðskipta verði breytt.

## 1. 2. mgr. 8. gr. orðist svo:

Seðlabankinn setur nánari reglur um skilyrði til gjaldeyrisviðskipta sem gildi fyrir þá aðila sem nefndir eru í 2. másl. 1. mgr. Í þeim skal meðal annars kveðið á um umfang og mörk gjaldeyrisviðskipta hvernar stofnunar, reglulega upplýsingagjöf til Seðlabankans, fullnægjandi innra eftirlits- og upplýsingakerfi og hæfisskilyrði starfsfólks. Í þeim skal ennfremur kveðið á um afturköllun heimilda til gjaldeyrisviðskipta að því er varðar þá aðila sem ekki hafa heimild til slíkra viðskipta í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að.

## 2. Ákvæði til bráðabirgða II falli brott.

**11. gr.**

Bent hefur verið á að ef innlendum bönkum og sparisjóðum verður gert skylt að skrásetja og tilkynna um reikninga innlendra aðila í erlendum bönkum muni innlendir aðilar sniðganga innlendar stofnanirnar og skipta við erlendar í staðinn.

Hér er um almennt ákvæði að ræða um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða. Að mati ráðuneytis væri það ekki til bóta að nefna í sérhverju tilviki að hvaða aðila ákvæðið beinist. Þannig er t.d. ljóst að ákvæði um almenna upplýsingagjöf tekur bæði til einstaklinga og lögaðila, þ. á m. banka og sparisjóða. Að mati ráðuneytisins verður að ætla að í reglum Seðlabankans verði þess gætt að íþyngja ekki innlendum stofnunum miðað við erlenda keppinauta þeirra.

F.h.r.